

14. Bréf dómstjórinnar til stiptamtannsins 1870.  
yfir Íslandi, um fátækra tíund af kóngsjörðum á 21. febrúar.  
Vestmannaeyjum.

Eptir að skrifazt hefir verið á við reikningadeildina um tillögur yðar, herra stiptamtadur, í bræfi, dagsettu 15. júlím. f. á., um það, að umbodsmanninum yfir kóngsjörðunum á Vestmannaeyjum verði skipað að greiða eptirleiðis fátækra tíund af þessum jörðum, skal stjórnarráðið, um leið og það vísar til þess, sem sagt er í riti Halldórs Einarssonar um landsvísureikning og tíund á Íslandi (*Om Værdi-Beregning paa Landsviis* o. s. frv.), bls. 153, um tíundagjöld á eyjunum, gefa yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að það getur með engu móti orðið umtalsmál, að gjalda fátækra tíund af þessum hinum fyrnefndu jörðum.

15. Bréf dómstjórinnar til stiptamtannsins 21. febrúar.  
yfir Íslandi, um gjaldið til læknasjóðsins.

Í bræfi 5. oktobrm. f. á. hafð þér, herra stiptamtadur, skýrt frá, að ymsir hafi spurt, hvernig telja skuli tímana til þess, að tilskipun 10. águst 1868, um breytingu á ákvörðunum um gjald spítalahluta, er svo eru nefndir, á Íslandi, komi í gildi, þar sem 2. gr. fyrirskipar, að gjaldið til læknasjóðsins skuli heimta í fyrsta skipti 12. maí 1870 eptir því, sem fyrir er sagt í tilskipuninni, um leið og 4. gr. tekur svo til, að hvert gjaldár gangi frá 12. maí til 12. dags í sama mánuði næsta ár: — hvort hún þá eigi að gilda fyrir allan tímann frá 12. maí 1869 til 12. maí 1870 í þeim sýslum, þar sem hún er þinglesin seinna en 13. maí þ. á. Þannig hefir sýslumaðurinn í Gullbringu-sýslu, þar sem þinglýsingum var lokið 25. júní f. á., spurt að, hvort gildi lagaþóðsins geti náð yfir tímann frá 12. maí f. á. til þess dags, er þinglýsing fram fór, þaræð lagaþóð með svofelldu móti án heimildar næði gildi fyrir sig fram, og yms vandkvæði mundu af hljótast, og hefir stiptamtadur í bræfi 28. f. m. svarað því á þá

1870.

21. febrúar.

leið, að sèr fyndist, að lagaboðið gæti ekki náð því gildi fyrir sig fram, sem hèr er um getið, en að því ætti að fram fylgja í hverjum hreppi sýslunnar frá þeim degi, er þinglýsingin þar hefir fram farið, og jafnframt var það skipað sýslumanni, að segja hreppstjórum til um þetta, svo að þegar á að senda inn reikning þann, er um er getið í 6. gr. tilskipunarinnar, þá ætti að rita á skrár hreppstjóranna vottorð um það, hvern dag þinglýsing hafi fram farið í hverjum hreppi, og um það, að skýrslan nái yfir allan tímunn frá þeim degi til 12. maí 1870. Enn fremur hefir bæjarfógetinn í Reykjavík farið fram á það við stiptamt-manninn, hvort engin ráð væri til að bæta úr þeirri ósannngirni, að gjald þetta sè heimtað í Reykjavík, þar sem lagaboðinu var þinglýst 29. oktbr. 1868, svo það verði að álitast gilt fyrir allt tímabilið frá 13. maí f. á. til 12. maí þ. á., það er að segja fyr en í Gullbringusýslu, þar sem þinglýsing fyrst fór fram í júní f. á., og gjaldið því verði heimtað þar seinna, enda þótt að sýslan nái að kaupstaðnum á alla vegu; þessum tillögum hefir stiptamt-maður í brèfi, dagsettu 5. oktbr. f. á., svarað á þá leið, að gildi laganna í hverju umdæmi verði að telja frá þeim degi, sem þinglýsingin fram fór, og að stiptamtmaður hafi eigi vald til að breyta þessu, og var því við bætt, að gjaldendur í kaupstaðnum virðist ekki hafa ástæðu til að kvarta undan því, að gjald, sem þeir að lögum eigi að greiða, sè heimtað hjá þeim, þótt gjaldið samkvæmt lögum kringumstæðanna vegna fyrst verði heimtað hjá gjaldþegnum í öðrum umdæmum nokkrum vikum eða dögum seinna. Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, hafð skýrt frá þessu, hafð þèr, einkum af því, að læknasjóðurinn vegna þessara fyrirskipana yðar mundi missa nokkuð af tekjum sínum fyrir árið sem leið, skotið því til dómsmálastjórnarinnar, hvort úrskurður yðar megi standa óraskaður, eða hvort ástæða sè til að breyta honum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, að það má standa óraskað, sem þèr hafð ákveðið í þessu máli.